

Bryndís Björgvinsdóttir

ein heimsókn

eitt stakt skip

en heilt landslag af sjó

og á haffletinum: þúsund

brautir

og enn fleiri mögulegir

dvalarstaðir.

Við sem yfirgefum heimili

okkar

með milligöngu hafsins

eigum í samskiptum við

sjóinn

með öllum líffærum líkamans

Hafið gefur í skyn:

að maðurinn eigi ekki

heima í vatninu

– heldur vatnið í manninum

–

Og að þannig hafi það

alltaf verið

í heilu landslagi af sjó,

þúsund brautum – og í öllum líffærum líkamans.